

SÍMBRÉF

Alþingi
Erindi nr. P 122/943
komudagur 2.3.98



**Nefndadeild Alþingis
b.t. Áslaugar Árnadóttur**


Reykjavík, 2. mars 1998

Efni: Öflun málflytningarréttinda.

Samkvæmt umtali sendi ég með símbréfi þessu yfirlit sem ég tók saman um hvernig menn afla sér lögmannsréttinda í hinum ýmsu löndum í Evrópu, en yfirlit þetta lagði ég fram á félagsfundi hjá Orator 12. janúar s.l.

Athygli vekur að nánast alls staðar er lögð áhersla á að menn hafi 2-3 ára starfsreynslu áður en þeir fá réttindin. Einnig er vert að benda á nýlega löggjöf frá Alþingi um löggilta endurskoðendur og um hönnuði (í nýju byggingar- og skipulagslögunum) að því er varðar kröfur um starfsreynslu við öflun starfsréttinda.

Með kveðju


Marteinn Másson

**Félagsfundur Orator,
mánudaginn 12. janúar 1998:
Frumvarp til laga um lögmenn**

Öflun málflutningsréttinda.

Auk lagaprófs í hinum einstöku ríkjum EES þurfa lögfræðingar að uppfylla ýmis skilyrði til að mega öðlast málflutningsréttindi. Í bókinni Cross Border Practice Compendium (útg. Kluwer í samstarfi við CCBE – Ráð lögmannafélaga í EES) er m.a. fjallað um hvaða skilyrði menn þurfa að uppfylla til að öðlast lögmennsréttindi (lögmennstitil), hvert sótt er um þau réttindi o.fl. Hér að neðan verður í örstuttu máli gerð grein fyrir hvernig þessum málum er háttað í flestum ríkjum EES og nokkrum öðrum ríkjum í Mið- og Austur-Evrópu.

Austurríki:

6 ára starfsþjálfun fyrir dr.juris og 7 ára starfsþjálfun fyrir “magister of law”, þar af a.m.k. í 9 mánuði hjá dómstól og 4 ár á lögmennsstofu. Starfsþjálfun fer fram eftir lagaprófið. Á meðan á starfsþjálfun stendur verður viðkomandi að taka skyldunámskeið og standast próf (námskeið í 2 hlutum, 3 dagar hvor, með 18 mánaða millibili). Innganga í lögmannafélag veitir lögmennsréttindi, án afskipta stjórnvalda. Eiðvinning hjá lögmannafélaginu.

Belgía:

Eins árs námskeið á vegum lögmannafélags og 3 ára starfsreynsla. Eiðvinning opinber hjá viðkomandi dómstól, að viðstöddum formanni lögmannafélags.

Danmörk:

Þriggja ára starfsreynsla (været í praktískur jurídisk virksomhed).

England og Wales:

Solicitors.

Námskeið og próf á vegum Law Society. 2ja – 3ja ára starfsþjálfun. Skylduendurmenntun eftir að hafa fengið réttindin.

Barristers.

Ákveðinn undirbúningur í námi, m.a. skv. kröfum Bar Council. Eins árs þjálfun (pupillage). Tveir skyldukúrsar. Bar Council veitir inngöngu í stéttina (réttinn til að kalla sig og starfa sem barrister).

Finnland:

“kunskapsprov” fyrir dómaraembætti, þar á eftir minnst 4 ára praktíska starfsreynslu, námskeið og próf í “teknik og etik”, umsókn um inngöngu í lögmannafélagið, stjórn félagsins metur umsókn.

Frakkland:

Eins árs námskeið og próf (CFPA Diploma) og 2 ára starfsþjálfun (á starfsþjálfunartíma eru teknir skyldukúrsar). Umsókn um málflutningsleyfi er send formanni viðkomandi lögmannafélags. Eiðvinning hjá áfrýjunardómstól.

Grikkland:

Starfsþjálfun í 18 mánuði. Eftir það próf í einkamála- og opinberum rétti og réttarfari, sem áfrýjunardómstóll viðkomandi héraðs skipuleggur. Umsókn um lögmannsréttindi til viðkomandi lögmannafélags. Eiðvinning hjá viðkomandi dómstóli.

Holland:

3ja ára starfsþjálfun á lögmannsstofu. Á fyrsta árinu ýmis praktísk grunnnámskeið samhliða starfi. Umsókn um lögmannsréttindi send viðkomandi dómstóli, sem leitar umsagnar lögmannafélags. Umsögn lögmannafélags bindandi, málskot þó mögulegt. Eiðvinning hjá viðkomandi dómstóli.

Ítalía:

Tveggja ára starfsreynsla á lögmannastofu og síðan próf. Getur eftir það flutt mál í sínu héraði. Síðan eftir 6 ára starf verður viðkomandi sjálfkrafa “avvocato”. Eftir 2ja ára viðbótar starfsreynslu og próf getur “avvocato” flutt mál fyrir flestum dómstólum landsins. Avvocato cassazioniste hefur a.m.k. 8 ára starfsreynslu og getur flutt mál fyrir æðstu dómstólum. Umsókn um lögmannsréttindi send viðkomandi lögmannafélagi. Eiðvinning hjá viðkomandi dómstóli.

Kýpur:

Starfsþjálfun á lögmannsstofu í eitt ár. Umsókn um lögmannsréttindi send Hæstarétti.

Liechtenstein:

Tveggja ára starfsþjálfun og próf. Umsókn um lögmannsréttindi send lögmannafélagi.

Noregur:

Tveggja ára starfsþjálfun.

Portúgal:

Námskeið í 18 mánuði undir unsjón reyndra lögmanna. Til að öðlast lögmansréttindi verður að sækja um og fá inngöngu í lögmannafélag.

Slóvakía:

Fimm ára starfsreynsla, þar af a.m.k. 3 ár í starfsþjálfun á lögmansstofu. Inngöngupróf (Bar Examination). Umsókn um lögmansréttindi send lögmannafélagi. Eiðvinning fyrir formanni lögmannafélags.

Slóvenía:

Inngöngupróf eftir 2ja ára starfsreynslu hjá dómstólum eða ákærvaldi. Því næst 4 ára starfsþjálfun, þar af minnst eitt ár á lögmansstofu. Umsókn um lögmansréttindi send lögmannafélagi. Eiðvinning fyrir formanni lögmannafélags.

Spánn:

Engar sérstakar kröfur gerðar um námskeið eða starfsreynslu/-þjálfun (sjá þó Madrid).

Svíþjóð:

"Icunskapsprov" fyrir dómaraembætti, þar á eftir minnst 5 ára praktíska starfsreynslu, námskeið og próf í "teknik og etik", umsókn um inngöngu í lögmannafélagið, stjórn félagsins metur umsókn.
~~lögmannafélagi. Eiðvinning hjá dómstóli.~~

Tékkland:

3ja ára starfsþjálfun á lögmansstofu. Próf (þyngra en lagaprófið!). Umsókn um lögmansréttindi send lögmannafélagi. Eiðvinning fyrir formanni lögmannafélags.

Ungverjaland:

Tveggja ára starfsþjálfun og próf. Umsókn um lögmansréttindi send lögmannafélagi. Eiðvinning hjá lögmannafélagi.

Þýskaland:

3 ára starfsþjálfun og síðan próf. Getur eftir það kallað sig Assesor. Getur síðan sótt um lögmansréttindi hjá viðkomandi yfirvaldi í sínum landshluta. Umsögn frá